

ingsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins og stjórn sparisjóðsins tekur þær athugasemdir ekki til greina eða tregðast við að bæta úr ágöllum, sem endurskoðendur telja vera á starfrækslu sparisjóðsins, eða þeir telja að rekstur sparisjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur eða í samræmi við gildandi lög (69/1941). 197
3. des.

40. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir fram.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. desember 1942.

Magnús Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

198

5. des.

um staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 80 17. des. 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað:

1. gr.

Ökuhraða bifreiða skal allt af tempru svo, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 25 kílómetrar á klukkustund. Þar, sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér í kröppum bugðum, við gatnamót, þar, sem vegur er sleipur og þar, sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur eða gangstéttir.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 5. desember 1942.

Jakob Möller.

Gústav A. Jónasson.